

AUGLÝSING

um

vörumerki.

66
7. okt.

Með 8. gr. verzlunarsamnings, sem gjörður var 6. apríl 1928 milli Íslands og Austurríkis, var stofnað til gagnkvæmrar verndar fyrir austurrísk vörumerki hér á landi og íslensk vörumerki í Austurríki. Samkvæmt því er svo ákveðið, að þegnar hvors ríkis um sig njóti að því er vörumerki snertir, í hinu ríkinu sömu verndar, sem lög þess ríkis nú eða síðar, meðan samningurinn er í gildi, veita sínum eigin þegnum fyrir vörumerki þeirra. Sama gildir um þegna annara ríkja, sem búsettir eru í samningsríkjunum eða reka þar fasta atvinnu- stofnun við iðnað eða verzlun.

Samkvæmt því sem að framan greinir nær vernd sú, sem heimiluð er með lögum nr. 43, 13. nóvember 1903, til austurrískra vörumerkja, svo sem íslensk væru, meðan téður samningur er í gildi, en að sjálfsögðu með þeim skilyrðum og takmörkum, sem sett eru í þessu efni í 15. gr. greindra laga.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. október 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

TILSKIPUN

um

67
4. nóv.

að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Tékkóslóvakíu.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að með því að þeim, sem á Íslandi reka verksmiðjuíðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnam, verzlun eða aðra atvinnu, er veittur sami kostur á að öðlast vernd á vörumerkjum í Tékkóslóvakíu eins og eigin þegnum, þá viljum Vér samkvæmt heimild þeirri, sem gefin er í 15. gr. laga um vörumerki, 13. nóv. 1903, skipa svo fyrir sem hér segir:

67
4. nóv. Þeir, sem í Tékkóslóvakíu reka verksmiðjuíðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnáam, verzlun eða aðra atvinnu, skulu verða þeirrar verndar á vörumerkjum, sem lög 13. nóv. 1903 heimila, aðnjótandi með þeim skilyrðum, er hér greinir:

1. Tilkyningu skal fylgja sönnun fyrir því, að beiðandi hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í Tékkóslóvakíu fyrir því, að vörumerkið njóti þar verndar.
2. Beiðandi skal undirgangast, að bæjarþing Reykjavíkur sé varnarþing hans í öllum málum viðvíkjandi vörumerkjum og tilnefna umboðsmann búsettan á Íslandi, er taki á móti málsókn fyrir hans hönd.
3. Vörumerkið skal ekki njóta víðtækari verndar eða verndar fyrir lengri tíma en í Tékkóslóvakíu.
4. Vörumerkið skal skrásettja í þeirri mynd, sem löggilt er í Tékkóslóvakíu nema gagnstætt sé velsæmi og allsherjarreglu.
5. Nú er vörumerki tilkynnt til skrásetningar á Íslandi í síðasta lagi 4 mánuðum eftir að það hefir verið tilkynnt í Tékkóslóvakíu, og skal þá gagnvart öðrum tilkyningum telja, að þessi tilkyning hafi farið fram um leið og tilkyningin fer fram í Tékkóslóvakíu.
6. Nú er synjað um skrásetningu samkvæmt 5. gr. nr. 5 framannefndra laga 13. nóv. 1903, og beiðandi höfðar mál gegn þeim, sem áður hefir tilkynnt merkið og fengið það skrásett, og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta, en hinn hafi síðan tekið það upp, og má þá með dómi úrskurða honum rétt til að fá merkið skrásett með einkarétti, til þess að nota það á þær vörutegundir, sem hann notaði merkið á, þegar vernd komst á í báðum löndunum, en höfða skal hann þá mál út af þessu innan 6 mánaða frá því verndin komst á. Þetta skerðir þó að engu leyti rétt þann, sem heimilaður er í 11. gr. 3. málsgrein nefndra laga.

Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborg, 4. nóvember 1929.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson,